

## Afmælishópar – leiðbeiningar fyrir skóla

Það er mælt **gegn því** að skipta í afmælishópa út frá kyni. Slíkt getur verið útilokandi og vinnur m.a. gegn markmiðum jafnréttislaga (sjá fyrir neðan). Þess í stað er mælt með kynjablöndun. Hér er bent á tvær leiðir sem hægt er að fara.

Leið 1: **Bekkjarafmæli**. Fleiri en eitt barn halda afmæli saman og öllum bekknum er boðið. Sem dæmi geta öll október og nóvember börn haldið sameiginlegt afmæli.

Leið 2: **Afmælishópar**. Skólinn velur leið til að skipta bekknum í afmælishópa út frá öðru en kyni til að skapa minni og viðráðanlega hópa. Sem dæmi fer barnið sem á fyrst afmæli á árinu í hóp A, barnið sem á næst afmæli fer í hóp B, þriðja afmælisbarn ársins í hóp A og svo koll af kalli.

Best er að skólinn/kennari velji leiðina sem er farin og kynni hana strax í upphafi skólaárs.

Ástæður fyrir því að við forðumst kynjaskiptingu eru nokkrar:

- útilokandi fyrir trans börn, sérstaklega kynsegin börn
- kynjaskipting getur ýtt undir hugmyndir um kynjamun og ýkt upp staðalmyndir kynjanna
- mögulega útilokandi fyrir intersex börn
- sumir strákar finna sig illa með strákahópnum
- sumar stelpur finna sig illa með stelpuhópnum
- strákar geta átt stelpuvini og öfugt

Stelpuafmæli eiga það til að verða „bleik“ og taka mið af ríkjandi viðmiðum um kvenleika, en strákaafmæli „blá“ og taka mið af ríkjandi viðmiðum um karlmennsku. Með kynjaskiptingu er óbeint verið að gefa þau skilaboð að stelpur og strákar séu og eigi ekki að vera vinir og eyða frítíma sínum saman.

Ávinningur af kynjablöndun er:

- inngilding, að trans og intersex börn, sem og önnur sem falla út fyrir hefðbundin kynjaviðmið séu ekki útilokuð
- tækifæri fyrir börn að kynnast „bleikri“ og „blárrí“ (og allskonar) menningu óháð kyni
- tækifæri til að brjóta „bleiku“ og „bláu“ menninguna upp
- að vinir af ólíku kyni verði saman
- að ólík kyn kynnist betur, sem vinnur gegn kynbundinni menningu og útilokun byggð á henni

Með því að fara leið 1 (Bekkjarafmæli) geta forsjáraðilar deilt verkum og kostnaði og er um leið tryggt að þeir sem hafi ekki jöfn tækifæri til að halda afmæli geti tekið þátt, t.d. út frá fjárhag, tungumáli, tengslaneti, vinnutíma o.s.frv.

Að baki þessara leiðbeininga um kynjablöndun afmælishópa eru [aðalnámskrá, mannréttindastefna Reykjavíkurborgar](#) og [Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020](#), en í þeim eru gerðar kröfur til skóla um að vinna gegn staðalímyndum kynjanna og mismunun, m.a. út frá kyni og hinseginleika, um að veita öllum jafnréttismenntun og fagna fjölbreytileikanum.